

STJÓRNARTÍÐINDI B 13 – 2004

27. janúar 2004

129

Nr. 86

AUGLÝSING

um bann við innflutningi frá Kína, Taílandi, Suður-Kóreu, Víetnam, Japan, Taívan, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan og Hong Kong vegna Avian Influensu eða fuglaflensu.

1. gr.

Með vísan til þess að upp hefur komið Avian Influensa í Kína, Taílandi, S-Kóreu, Víetnam, Japan, Taívan, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan og Hong Kong, en Avian Influensa er skæður fuglasjúkdómur sem borist getur í menn og aldrei hefur greinst á Íslandi, er sett bann við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum og soðnum afurðum alifugla frá ofangreindum löndum.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til 26. mars 2004.

Landbúnaðarráðuneytinu, 27. janúar 2004.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.